



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 31. janúar 2018

USK2018010046

5.28

Til borgarstjórnar

***Forgangsakreinar strætó - umsögn um fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur  
- R18010241***

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

"Óskað er eftir að tekið verði saman yfirlit yfir hvaða forgangsakreinar strætó hafi verið gerðar á þessu kjörtímabili og því síðasta 2010-2014. Þá skal einnig tekið fram í yfirlitinu heildstætt hverjar forgangsakreinar strætó eru innan Reykjavíkur og hvar og hvenær þær voru teknar í notkun."

**Umsögn**

Forgangsakreinar fyrir strætisvagna í Reykjavík eru samtals um 4 km að lengd. Staðsetningu þeirra má sjá á korti á næstu síðu.

Stór hluti forgangsakreina fyrir strætisvagna á Miklubraut, fyrir umferð til vesturs, var byggður fyrir árið 2010. Á tímabilinu 2010-2014 var bætt við forgangsakrein á Kringlumýrarbraut við Borgartún, á Suðurlandsbraut við Kringlumýrarbraut og á Laugavegi við Katrínartún. Eins var forgangsakrein á Miklubraut til vesturs lengd austur fyrir Skeiðarvog. Frá 2014 hafa verið byggðar forgangsakreinar á Bústaðavegi við Grensásveg, á Miklubraut við Klambartún og á Miklubraut við Rauðagerði.


Þessu til viðbótar er unnið að því að auka forgang strætisvagna með snjallari umferðarstýringum. Árið 2017 var tekinn í notkun snjallbúnaður í umferðarljósum á Snorrabraut og Bústaðavegi til að veita strætisvögnum og neyðarumferð forgang á ljósastýrðum gatnamótum. Grænn tími fyrir þessi ökutæki er aukinn þegar á þarf að halda til að minnka tafir. Lokið er hönnun og undirbúningi forgangsstýringar fyrir strætisvagna og neyðarumferð á öllum ljósastýrðum gatnamótum á Miklubraut og Bústaðavegi og búnaður hefur einnig verið settur upp á nýjum umferðarljósum á Kalkofnsvegi/Lækjargötu. Forgangsstýringar fyrir strætisvagna verða því á yfir 20 ljósastýrðum gatnamótum í Reykjavík síðar á árinu (sjá kort á aftari síðu).

Þorsteinn R. Hermannsson




# Forgangsreinar Strætó í Reykjavík

## 3.960 m



H:\by709\ArcMap\mymslegi\Forgangsreinar\_jan18.mxd .Jfr. 29.1.2018



 Forgangsstýrð umferðarlíjós fyrir Strætó, framkvæmt 2016 - 2017

 Fyrirhugaðar forgangsstýringar Strætó, framkvæmt 2018



Umhverfis- og skipulagssvið  
Landupplýsingar



# Forgangsstýrð umferðarlíjós fyrir Strætó á höfuðborgarsvæðinu

Mælikvæði 1:25.000

